

LISTIR

„Engin túlkun er hin eina rétta“

Um þessar mundir stendur sýning breska listamannsins Johns Isaacs yfir í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi. Þar getur m.a. að líta heldur ókennilega sjálfsmýnd listamannsins. **Heiða Jóhannsdóttir** tók listamanninn tali meðan hann var staddur hér á landi.

JOHNS Isaacs fæddist árið 1968, og hefur hann þegar vakið talsverða athygli í Bretlandi og víðar fyrir verk sín. Framfara- og vísindahyggja Vesturlanda hefur verið Isaacs nokkuð hugleikin í listsköpuninni og víða veltir hann upp spurningum um þá stefnu sem framþróun erfðavísinda á Vesturlöndum virðist vera að taka. Spurningar um upplausn marka milli manna og dýra, náttúru og tækni eru meðal þess sem hann hefur velt upp í verkum sínum. „Það má segja að vísindin hafi rekið mig

út í listina,“ segir Isaacs en hann hóf háskólanám í líffræði, en sneri síðan baki við þeirri grein og fór í listnám. „Vísindin ganga út á það að fá staðfestingu á staðreyndum, sem síðan er unnið með sem sannleikur væri – þar til staðreyndirnar eru afsannaðar. Þannig er stöðugt einblínt á staðreyndir, sem jafnframt eru ákaflega fallvaltar. Í listinni er komið að sannleikanum á allt annan hátt. Þar leyfist mönnum að sýna ákveðnar efasemdir gagnvart því hvernig hlutirnir eru eða eru almennt taldir vera í samtímanum. Listskapandinn getur þannig sett fram sína eigin túlkun á sannleikanum.“

„Kjötleiki“ mannlíkamans

Isaacs segir að sýningin í Hafnarhúsinu, sem ber heitið „Erud þið enn reið við mig?“, feli ekki í sér þá beinskeyttu gagnrýni á vísindahyggju sem finna megi í mörgum fyrri verka hans. „Í titli sýningarinnar er kannski að finna skírskotun til hinna flóknu tengsla einstaklings og samfélags. Hver einstaklingur er að einhverju leyti hluti af stofnunum og formgerðum samfélagsins. Hann er því mótaður af samfélaginu án þess að gera sér einu sinni grein fyrir því. Þær hörmungar og grimmdarverk sem honum berast spurnir af í fjölmörgum hljóta því að vekja með honum blendnar tilfinningar. Hann er að einhverju leyti meðsekur, en er um leið fullkomlega vanmáttugur um að breyta hlutunum.“

Sýning Isaacs felur í sér innsetningu sem byggist á samspili ólíkra listmiðla. Sá hluti innsetningarinnar sem fyrst vekur athygli er vaxmynd sundurlímaðs mannlíkama sem listamaðurinn hefur titlað sem sjálfsmýnd. „Ég leitaðist við að vinna vaxmyndina af anatómískri nákvæmni, og draga fram „kjötleika“ mannlíkamans. Þannig lítur þetta út eins og eitthvað sem maður gæti séð á borðinu hjá slátrara. Í myndinni felst einnig nokkurs konar tragikómédia. „Manneskjan“ sem myndin er af er vissulega fórnarlamb, en hún er líka kómísk, þar sem hún situr í stöðu sem getur ekki beinlínis talist eðlileg fyrir líkama í þessu ástandi,“ segir Isaacs um höggmyndina, sem komið hefur verið fyrir á stelli í miðju sýningarrými- isis á annarri hæð Hafnarhússins. Í innsetningunni er einnig að finna portretmynd, þar sem listamaðurinn lætur skarast málverk af stúlkun með tár á hvarmi og ljósmynd af unnustu sinni. „Ég fann þetta málverk á markaði og það vakti athygli mína, þar sem stúlkun á myndinni er mjög lík unnustu minni. Í verkinu varpa ég myndskyggju af unnustu minni yfir málverkið og við það skapast sjónhverfing um þrívíða mynd, sem hefur þá eiginleika að breytast eftir afstöðu áhorfandans.“ Þriðji meginþáttur innsetningarinnar er kvikmyndarbrott, sem sýnir tunglþjarta nótt, og er sýnt í eins konar lykkju. Lýsingin í sýningarrýmiinu er dimm, en myndar um leið nokkurs konar hringhreyfingu sem,

ásamt tónlist, skapar nokkurs konar ójafnvægisáhrif með sýningargestinum sem stígur inn í rýmið.

Isaacs bendir á að hreyfanleiki sé mikilvægur þáttur í verkinu. Hver hluti verksins fyrir sig, sem og samspil þeirra, feli í sér ákveðið tímaferli og breytingar sem vinni gegn hinni „statísku“ ímynd listarinnar. „Hin miðlæga hugmynd um lista- verkið er sú að það sé statískt og óhagganlegt. Þegar sýningargesturinn gengur inn á listasafnið setur hann sig jafnframt í ákveðnar vitrænar stellingar gagnvart safninu og listinni. Sú heild sem ég reyni að skapa í verkinu gengur út á það að fá sýningargestinn til að leggja ósjálfrátt niður þessa brynju þegar hann gengur inn í rýmið. Ég reyni að gera honum kleift að skynja verkið á sinn hátt og lesa sína eigin merkingu úr heildinni.“

Andúð á niðurstöðum

Isaacs er spurður hvort markmiðið með hinni ókennilegu sjálfsmýnd hans sé að vekja nokkurs konar hroll eða viðbjóð með áhorfandanum. „Nei, alls ekki,“ svarar hann. „Í herberginu er rökkur sem mildar dálítið skynjunina á höggmyndinni. Henni er fremur ætlað að vekja forvitni en óhug. Við verðum að athuga að vestræn vísindi byggja þekkingu sína á mannlíkamanum einmitt á því að fara inn í hann, hluta hann í sundur og skoða náði.“ Isaacs bendir í framhaldinu á að tilhneiging manneskjunnar til að skapa sér

sjálfsmýnd í gegnum auga smásjárinnar sé um leið ákaflega takmörkuð. „Þótt það megi alltaf læra nokkuð um hlutina með því að taka þá í sundur og skoða nákvæmlega segir það aldrei alla söguna. Okkur manneskjunum er tengdur heill heimur tilfinninga sem verður aðeins skynjaður með öðrum leiðum. Kannski er hægt að nálgast þennan heim í gegnum listina, þar sem skynjunin er önnur en í hinu rökræna tungumáli til dæmis.“

Isaacs segir að hann reyni að skapa nokkurs konar rými til vanga- veltna um veruleikann í innsetningu sinni, og kannsk miðla ákveðnum hugmyndum en engin túlkun sé þó hin eina rétta. „Það er ekki um neina endanlega niðurstöðu að ræða. Það var einmitt fyrir andúð á niðurstöðum sem ég hætti í líffræðinámnu. Undanfarið hefur listsköpun einkennst mikið af því að reynt sé að hneyksla sýningargesti og sumir segja að það sé ódýrt bragð til að ná athygli fólks. En mér virðist, eftir að hafa fylgst með þeim sem hafa skoðað þessa sýningu, að fólk sé alls ekkert hneykslað eða „sjökk- erað“, og margir taka verkum mínum vel. Ég vil fyrst og fremst að fá fólk til að tengjast verkum mínum, og það hefur að miklu leyti tekist. Ég hef verið lánsamur sem listamaður að því leyti,“ segir John Isaacs að lokum.

Sýningunni lýkur á sunnudag.

heida@mbl.is



Morgunblaðið/Porkell

„Það má segja að vísindin hafi rekið mig út í listina,“ segir breski myndlistarmaðurinn John Isaacs.

OLIVE LEAF EXTRACT
FRÁ NOW
með GMP gæðastimpli
100% nýting/frásog

Hégaða framleiðsla

Apótekin

NATROL

Tveir fyrir einn!

Auðveld og árangursrík leið til grenningar.



„This World I“, 1999, ljósmynd eftir Katrínu Elvarsdóttur.

Þrjár íslenskar listakonur sýna verk í New York

Í BLANK í Noho-hverfinu á Manhattan stendur nú yfir sýning þriggja íslenskra listakvanna, þeirra Bjarkar Guðnadóttur, Hrafnhildar Arnadóttur og Katrínu Elvarsdóttur.

Björk Guðnadóttir útskrifaðist frá Listaháskólanum í Umea, Svíþjóð, 1999. Hún hefur haldið einkasýningar í Noregi, Íslandi og Svíþjóð ásamt því að hafa tekið þátt í fjölda samsýninga. Hrafnhildur Arnadóttir útskrifaðist frá School of Visual Arts í New York

1996 og hefur hún verið búsett í New York undanfarnin 6 ár. Hrafnhildur hefur haldið tvær einkasýningar á Íslandi og tekið þátt í fjölda samsýninga, meðal annars í Kanada, Bandaríkjunum og Þýskalandi.

Vídeoverkið Magic

Á sýningunni í Blank má finna vídeoverkið Magic sem Hrafnhildur og Björk hafa unnið í sameiningu, ásamt öðrum verkum þeirra. Katrín Elvarsdóttir sýnir svart-

hvítar ljósmyndir en hún lauk listanami frá Art Institute of Boston 1992.

Hér á landi hefur Katrín haldið tvær einkasýningar og tekið þátt í samsýningum en hún hefur einnig haldið fjölda sýninga í Bandaríkjunum og Skandinavíu. Katrín starfar við ljósmyndun í New York.

Sýningin er styrkt af Clutch USA.

Hún stendur yfir til 19. maí næstkomandi.

Útgáfusjóður Hauks

Í TILEFNI af 70 ára afmæli Hauks Guðlaugssonar, söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, 5. apríl sl., stofnuðu nokkrir vinir hans og velunnarar útgáfusjóð til að gefa út á geisladiskum hljóðritanir á orgelverkum sem hann hefur leikið og á kórverkum sem hann hefur stjórnað.



Haukur Guðlaugsson

„Ég, ásamt nokkrum vinum Hauks, stofnuðum þennan sjóð af því að það eru til ótrúlega margar upptökur með leik hans hjá Ríkisútvarpinu sem væru sannarlega þess virði að væru gefnar út,“ segir Smári Ólafsson einn stofnendanna. „Haukur er óumdeilanlega einn af fremstu orgelleikurum þessarar þjóðar þó svo að hann hafi staðið í ströngu sem söngmálastjóri sl. 27 ár. Einnig eru til gamlar plötur sem við vildum gjarnan sjá endurútgefna.“

Þeim sem vilja styrkja útgáfuna er gefinn kostur á að skrá sig á lista, „tabula gratulatorium“, sem birtur verður með útgáfunni, í síma 898 9618 eða á netfangi smariola@is-mennt.is.